



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun afmælisýningar
Hins íslenska bókmenntafélags
Þjóðarbókhöðunni
12. maí 2016**

Góðir sýningargestir

Vegferð þjóðar, vitundin um söguna og samhengið, undirstaða í gömlu textum, metnaður til að ná nýju marki, skilgreining á sessi sínum í veröldinni, áhrifin frá menningu heimsins og framvindu vestrænnar hugsunar, hvernig hið besta úr fortíðinni fléttast við frjóa hugsun og nýsköpun hverrar tíðar.

Allt eru þetta strengir sem skýra sjálfsmynd þjóðar, treysta burðarvirkið í sjálfstæði okkar, skapa grundvöll þess og rætur, efla kraftinn til nýrrar sóknar, getuna til að glíma við áföll og sjá hvernig gerjun samtímans getur opnað nýjar leiðir.

Hið íslenska bókmenntafélag hefur í tvö hundruð ár verið Íslendingum aflgjafi sem nær að tengja þessar víddir í eina heild, fært þjóðinni ritverk, útgáfur og texta sem ásamt stofnunum í stjórnkerfi landsins eru forsendur þess að okkur hefur svo vel tekist að sinna því sem Sigurður Nordal nefndi vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur.

Saga Bókmenntafélagsins er í heild sinni vitnisburður um hvernig einni fámennustu og fátækustu þjóð álfunnar tókst að hefja sig úr einangrun og erfiði hins hversdagslega lífs og verða í tímans rás heimsborgari með sterka vitund um arfleifð sína og erindi við umheiminn; traustur hlynur sem naut geisla úr öllum áttum og sótti sífellt næringu í gamlar rætur.

Það er erfitt að skilja á okkar tíð hve djörf sú ætlan var á hinni níttjándu öld að sækja í hendur konungsins og stjórnvalda í

Kaupmannahöfn aukinn rétt fyrir Íslendinga, löggjafarvald, sérstaka stjórnarskrá og eigið ráðherravald.

Kröfurnar voru vissulega studdar rökum um stjórnskipun og lýðræðisleg réttindi en þær sóttu líka afl í safnritin um sögu Íslands, gömul skjöl og sáttmála, útgáfunar sem urðu í rás tímans aðalsmerki Bókmenntafélagsins, verk sem sönnuðu að íslensk menning var ekki bara forn frægð heldur gat þjóðin einnig látið að sér kveða í andlegum eignum hinnar nýju tíðar.

Á tvö hundruð ára afmæli Hins íslenska bókmenntafélags ber að þakka þetta einstæða framlag til sjálfstæðisbaráttu og framfara Íslendinga, til upplýsingar og upplýstrar umræðu; þakka ritverkin öll og útgáfunar sem lögðu drjúgan skerf til þess að okkur tókst að rísa úr fátækt og valdleysi og verða þjóð meðal þjóða.

Lýðveldisstofnunin á Þingvöllum 17. júní 1944 hvíldi meðal annars á burðarásum sem Bókmenntafélagið hafði smíðað enda hlaut Jón Sigurðsson forseti það tignarheiti í hugum þjóðarinnar vegna áratuga forsetatíðar í Kaupmannahafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags en ekki vegna opinbers embættis.

Ætlunarverk félagsins öðluðust svo nýja vídd þegar Lærdómsritin komu til sögunnar á síðari hluta 20. aldar og hið aldna félag tókst eitt á hendur það nauðsynjaverk að koma á íslenska tungu höfuðritum vestrænnar heimspeki, hugsunar, vísinda og fræða og svo einnig öndvegisritum frá öðrum álfum; gera æsku landsins og þjóðinni allri kleift að kynnast á eigin máli verkunum sem rísa hæst í heimi andans, verða á nýjum tímum heimsborgarar í hugsun og orðræðu.

Hið íslenska bókmenntafélag sýndi með útgáfu Lærdómsritanna hve vel fer saman að sinna eigin sögu og arfleifð og ganga forvitinn um sali andans í veröld víðri.

Með sýningunni hér í Þjóðarbókhöðunni heiðrum við þessa merku sögu og færum öllum sem á langri vegferð hafa starfað á vettvangi Bókmenntafélagsins einlægar þakkir íslenskrar þjóðar.

Lýðveldið, menning okkar og sjálfstæði hvíla í ríkum mæli á framlagi Hins íslenska bókmenntafélags og ég votta því hér í dag virðingu Íslendinga og ber fram þá ósk að samfylgd Bókmenntafélagsins og þjóðarinnar megi haldast um ókomna tíð, áfram efla gæfu okkar og gengi.

Í anda þeirrar þakkargjörðar lýsti ég afmælisýningu Hins íslenska bókmenntafélags hér með opnaða.